# Unaós strenglögn

***Úttektarskýrsla minjavarðar***

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland



*Höfundur*
*Þuríður Elísa Harðardóttir*

*Ljósmyndir*
Þuríður Elísa Harðardóttir

*Ljósmynd á forsíðu*
Horft til norðurs yfir svæðið við Unaós

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

# Efnisyfirlit

1. Aðdragandi vettvangsferðar .... 4

2. Fyrri rannsóknir .... 4

3. Staðhættir .... 4

4. Rannsókn – aðferð .... 5

5. Fornleifaskrá .... 5

6. Niðurstöður .... 5

7. Heimildaskrá .... 7

# Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*2995*

Tilgangur úttektar:
*Fyrirhuguð strenglögn*

Staðsetning:
*Unaós, Hjaltastaðaþinghá*

GPS:
*729215.332,573357.605*

Dagsetning vettvangsferðar:
*19. maí 2023*

## 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Fulltrúi RARIK á Austurlandi var í sambandi við minjavörð vegna fyrirhugaðar strenglagningar í landi Unaós og upp að sumarhúsi undir Vatnsskarði, Unaós lóð l.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið afmarkað hér með rauðum fláka og miðlína strengs með rauðri línu.

## 2. Fyrri rannsóknir

Árið 1998 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu fyrir Hjaltastaðahrepp. Náði sú skráning þar á meðal yfir jörðina Unaós. Einnig vann Sagnabrunnur ehf. fornleifaskráningu vegna lagningu ljósleiðara um svæðið árið 2020. Einnig er vitað til þess að minjavörður Austurlands hafi tekið út nýtt vegstæði fyrir Borgarfjarðarveg um Vatnsskarð árið 1999.

## 3. Staðhættir

Strengurinn er áformaður frá loftlínustæði og þaðan mun hann fara suðausturátt og upp Vatnsskarðið í áttina að sumarhúsi sem þar er. Loftlínan stendur í deiglendu svæði en strengurinn sveigir fram hjá klöpp sem er sunnan við hana og þaðan liggur strengurinn eftir sléttuðu túni, yfir Borgarfjarðarveg og þaðan upp mólendi að sumarhúsinu.

## 4. Rannsókn – aðferð

Minjavörður skoðaði fyrirliggjandi heimildir, loftmyndir auk þess að skoða svæðið á vettvangi. Einnig barst honum drónamyndir á vegum Svarma frá RARIK.

## 5. Fornleifaskrá

Einn mögulegur minjastaður fannst við úttekt minjavarðar.

**2995:001**

**Garðlag**. Um suðaustan við loftlínustaur var að greina mögulegt garðlag sem virtist afmarka lítið svæði. Hvert hlutverk þess hefur verið er óþekkt og sömuleiðis liggur aldur þess ekki á hreinu. Ekki er þessa staðar getið í eldri fornleifaskráningu né í heimildum.



Mynd 2 – Horft til norðurs yfir mögulegan minjastað

## 6. Niðurstöður

Einn minjastaður fannst í nágrenni við fyrirhugaða strenglögn. Minjastaðnum ætti ekki að stafa hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum sé tekið tillit til hans meðan á þeim stendur.



Mynd 3 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum.

# 7. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (II. bindi). Búnaðar-samband Austurlands.

Birna Gunnarsdóttir, Guðný Zoega, Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). *Fornleifaskráning í Hjaltastaðaþinghá II*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.
https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning vegna ljósleiðaraaá Héraði, 2. áfangi. Hróarstunga og Hjaltastaðaþinghá*. Sagnabrunnur ehf.

*Túnakort Ós*. (1919-1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Vefsjá Múlaþings.
http://www.map.is/mulathing

*Örnefnaskrá Unaós*. Skráð af Eiríki Eiríkssyni. Örnefnasstofnun Íslands.

## Myndaskrá

Mynd 1 – Úttektarsvæðið afmarkað hér með rauðum fláka og miðlína strengs með rauðri línu. .......... 4
Mynd 2 – Horft til norðurs yfir mögulegan minjastað .......... 5
Mynd 3 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum. .......... 6

## Viðaukar

Landupplýsingargögn.